



302. Stjórnarfundur haldinn 20. desember 2007 kl:17:05

Mættir: Einar, Sigurvin, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá: ÍSÍ v/ úthlutunar úr ferðasjóði íþróttafélaga,
Íþróttakademíunni v/ leikjanámskeiðs Leikir í starfi.

3. Send bréf.

Bréf til íþróttaráðs bt. Sigríður Jóna Jóhannesdóttir v/ afnota af sundlauginni á Vallarheiði.

4. Jólblað.

Blaðið er komið út og er 40 síður að stærð, allt í lit. Heildarbragur á blaðinu afar góður. Ein grein frá kvenna knattspyrnunni frá fyrra ári birtist í blaðinu fyrir mistök og eru hluteigandi aðilar beðnir afsökunar. Það var 3. fl.kv. í knattspyrnu sá um að bera út blaðið.

5. Íþróttamaður Keflavíkur.

Tilnefningar komnar frá deildum. Kjöri á íþróttamanni Keflavíkur og íþróttamanni hverjar deildar verður lýst í hófi fimmtudaginn 27. des. kl. 20:00 í félagsheimili okkar að Hringbraut 108. Eftir taldir aðilar voru tilnefndir af hálfu sinnar deildar: Guðjón Árni Antoníusson knattspyrnudeild, Bryndís Guðmundsdóttir körfuknattleiksdeild, Kristín Sigurðardóttir fimleikadeild, Guðni Emilsson sunddeild, Margrét Vala Kjartansdóttir badmintondeild, Bjarni Sigurðsson skotdeild,

Aron Yngvi Nielsen taekwondodeild. Íþróttamaður Keflavíkur 2007 er Guðni Emilsson.

6. Önnur mál.

Sögunefndin hitti Eðvarð T Jónsson á fundi ásamat EH. Ákveðið að Eðvarð skili inn drögum af samningi um ritun á sögu félagsins.

Knattspyrnudeild veitti aðalstjórn viðurkenningu fyrir stuðning á síðasta keppnistímabili. Aðalstjórn þakkar fyrir sig og flytur knattspyrnudeild kveðjur sínar.

Næsti stjórnarfundur fimmtudaginn 3. janúar 2008. kl.17:05.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:15

